

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Kennslufræði- og lýðheilsudeild HR

**BSc í sálfræði**

Kennsluskrá 2010-2011

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Menntavegur 1

101 Reykjavík

Sími: 599 6200

Símbréf: 599 6201

Netfang: ru@ru.is

Veffang: www.hr.is

Umbrot og prentun Svansprent

Reykjavík, febrúar 2010

## Efnisyfirlit

Kennarar og starfsfólk kennslufræði- og lýðheilsudeildar .....	5
Kennarar sálfræðisviðs .....	7
BSc í sálfræði .....	9
Náms- og framvindureglur .....	9
Prófgráður og forkröfur .....	9
Uppbygging náms .....	10
Kennsluhættir og vinnubrögð .....	10
Námsframvinda .....	10
Hlutanám BSc í sálfræði .....	10
Forkröfur fyrir námskeið .....	11
Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið .....	11
Reglur um próftöku .....	11
Endurinnritun .....	11
Námshlé .....	11
Mat á fyrra námi á háskólastigi .....	12
Undanþágur .....	13
Skipulag náms .....	14
1. ár – Haustönn .....	16
Félagssálfræði .....	16
Líffræði og atferli .....	16
Námssálfræði .....	17
Rannsóknaraðferðir og tölfræði I .....	18
Vinnulag í háskólanámi .....	19
1. ár – Vorönn .....	20
Hugræn sálfræði og skynjunarsálfræði .....	20
Inngangur að forritun .....	20
Sálfræði einstaklingsmunar .....	21
Proskasálfræði .....	22
Val .....	22
2. ár – Haustönn .....	23
Einstaklingurinn og samfélagið .....	23
Hugsun, minni og tungumál .....	23
Klínísk sálfræði .....	24
Rannsóknaraðferðir og tölfræði II .....	24
Vettvangsnám .....	25
Val .....	25
2. ár – Vorönn .....	26
Áhrifaþættir þroska .....	26
Lífeðlisfræðileg sálfræði .....	26
Rannsóknaraðferðir og tölfræði III .....	27

Tilraunir í sálfræði .....	27
Vettvangsnám .....	28
Val .....	28
3. ár – Haustönn .....	29
BSc-rannsóknarverkefni I .....	29
Hagnýt atferlisgreining .....	29
Heilsusálfræði .....	30
Stefnur og straumar í sálfræði í sögulegu ljósi .....	30
Vettvangsnám .....	31
Val .....	31
3. ár - Vorönn .....	32
BSc-rannsóknarverkefni II .....	32
Hugræn taugavísindi .....	32
Jákvæði sálfræði .....	33
Vettvangsnám .....	33
Val .....	33

**KENningar OG STARFSFÓLK KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILDAR****Deildarforseti**

Þorlákur Karlsson, PhD	599-6420	thorlakur@ru.is
------------------------	----------	-----------------

**Sviðsstjórar**

Álfgeir L. Kristjánsson, PhD-cand, lektor (leyfi 2010/2011)	599-6217	alfgeir@ru.is
Ásrún Matthíasdóttir, PhD-cand, lektor	599-6272	asrun@ru.is
Þórdís Lilja Gísladóttir, PhD-cand, lektor	599-6327	thordisg@ru.is

**Skrifstofa kennslufræði- og lýðheilsudeildar**

Ingibjörg Sveinsdóttir, skrifstofustjóri	599-6338	inga@ru.is
Sjöfn Sigurðardóttir, deildarfulltrúi	599-6330	sjofns@ru.is

**Fastir kennarar**

Ásgeir Rúnar Helgason, PhD, dósent	599-6200	asgeirr@ru.is
Birna Baldursdóttir, PhD-cand, aðjúnkt	599-6536	birnabaldurs@ru.is
Bryndís B. Ásgeirsdóttir, PhD-cand, lektor	599-6432	bryndis@ru.is
Chien Tai Shill, PhD-cand, aðjúnkt	599-6424	ctshill@ru.is
Erlingur Birgir Richardsson, fastráðinn stundakennari	599-6200	erlingurb@ru.is
Geir Gunnlaugsson, PhD, prófessor	599-6367	gg@ru.is
Gísli H. Guðjónsson, PhD, rannsóknarprófessor	599-6200	ghg@ru.is
Heiðís Valdimarsdóttir, PhD, prófessor	599-6556	heidisb@ru.is
Hermundur Sigmundsson, PhD, prófessor	599-6200	hermundurs@ru.is
Inga Dóra Sigfúsdóttir, PhD, prófessor	599-6200	ingadora@ru.is
Jack James, PhD, gestaprófessor	599-6449	jack@ru.is
Jón Friðrik Sigurðsson, PhD, rannsóknarprófessor	599-6200	jonf@ru.is
Kristján Halldórsson, aðjúnkt,	599-6553	kristjanha@ru.is
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt	599-6328	margretlilja@ru.is
Pétur Sigurðsson, PhD-cand, aðjúnkt	599-6343	peturs@ru.is
Willum Þór Þórsson, aðjúnkt	599-6537	willum@ru.is
Þráinn Hafsteinsson, aðjúnkt	599-6200	thrainnh@ru.is

**Stundakennarar**

Aðalsteinn Leifsson		al@ru.is
Anna Kristín Newton		annakn@ru.is
Ása G. Ásgeirsdóttir		asaa@ru.is
Björg Jóna Birgisdóttir		bjorg@ru.is
Brian Daniel Marshall		marshall@ru.is
Carola Frank Moreno, PhD		carola@ru.is
Dögg Pálsdóttir		dogg@ru.is
Elín Dianna Gunnarsdóttir, PhD		edg@unak.is
Elís Þór Rafnsson		elisthr@ru.is
Guðbjörg Daniélsdóttir		gudbjorgdan@ru.is
Guðbjörg Finnsdóttir		gudbjorgsf@ru.is
Rúnar Helgi Andrason, PhD		runarandra@ru.is
Hafrún Kristjánsdóttir		hafrunk@ru.is

Hallgrímur Arnalds	hallgrimur@ru.is
Hanna Katrín Friðriksson	hannakatrin@ru.is
Héðinn Unnsteinsson	hedinn@ru.is
Ingi Þór Einarsson	ingithore@ru.is
Ingveldur Ýr Jónsdóttir	ingvelduryj@ru.is
Jón Hreinnsson	jonhr@nmi.is
Kamilla Rún Jóhannsdóttir, PhD	kamilla@ru.is
Karl Ægir Karlsson, PhD	karlk@ru.is
Kristinn R. Þórisson, PhD	thorisson@ru.is
Kristján Oddsson	kristjanodd@ru.is
Leifur Geir Hafsteinsson, PhD	lgh@ru.is
Ólafur Gunnar Sæmundsson	olafursaem@ru.is
Rósa Gunnarsdóttir, PhD	rosag@ru.is
Rúnar Helgi Andrason, PhD	runarandra@ru.is
Sigurður Þ. Ingimundarson	sing@ru.is
Sigurður Rúnar Sæmundsson, PhD	sigurdurrs03@ru.is
Sveinbjörn Kristjánsson, PhD	sveinbjornk@ru.is
Þór Clausen	thorc@ru.is
Þröstur Hrafnsson	throsturh@ru.is

### **Gestaprófessorar**

Dahlia Remler, PhD
Donne Lynne, PhD
John Allegrante, PhD
Juan Serrano
Katherine Garrett, PhD
Ken Ong, MD
Kent Seltman, PhD
Lars Edgren, PhD
Michael O'Connor, EdD
Michael Sparer, PhD
Paul Thurman
Robert S. Chaloner
Sherry Glied, PhD
Thomas D'Aunno, PhD
William D. Figg, PhD

### **Rannsóknir og greining**

Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri,	599-6431	jons@ru.is
Hrefna Pálsdóttir	599-6200	hrefnap@ru.is

### **Stofnun um fjármálalæsi**

Breki Karlsson, forstöðumaður	599-6540	brekik@ru.is
-------------------------------	----------	--------------

## KENNARAR SÁLFRÆÐISVIÐS

### **Þorlákur Karlsson, PhD**

PhD í sálfræði með aukagrein í tölfraði og aðferðafræði, West Virginia University, 1990.  
Forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar HR.  
Sérsvið: Atferlisgreining, aðferðafræði rannsókna og tölfraði.

### **Heiðdís Valdimarsdóttir, PhD**

PhD í sálfræði, State University of New York at Stony Brook, 1989.  
Prófessor við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR.  
Sérsvið: Heilsusálfræði.

### **Jack James, PhD**

PhD í sálfræði frá University of Western Australia 1976.  
Gestaprófessor við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR.  
Sérsvið: Experimental behavioural medicine (cardiovascular reactivity to psychosocial stress), health psychology, and behavioural epidemiology.

### **Bryndís Björk Ásgeirsdóttir**

PhD-nemi í sálfræði við Institute of Psychiatry, King's College London, væntanleg lok árið 2010.  
MA í félagsfræði og BA í sálfræði frá Háskóla Íslands.  
Lektor við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR.  
Sérsvið: Félags- og þroskasálfræði og unglingarannsóknir.

### **Ásgeir R. Helgason, PhD**

PhD í klínískri heilsusálfræði, Karolinska Institutet, 1997.  
Dósent við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR og dósent í sálfræði við Department of Public Health Science og Department of Oncology-Pathology, Karolinska Institutet.  
Sérsvið: Klínísk lýðheilsufræði, hvataviðtöl, kynfræði, hugræn atferlismeðferð, forvarnafaraldsfræði og lífsgæðarannsóknir.

### **Leifur Geir Hafsteinsson, PhD**

PhD í vinnu- og skipulagssálfræði, Virginia Tech, 2004.  
Dósent við viðskiptadeild HR.  
Sérsvið: Vinnusálfræði, prófa- og mælingafræði, aðferðafræði rannsókna, tölfraði.

**Karl Ægir Karlsson, PhD**

PhD í Behavioral and Cognitive Neuroscience, University of Iowa, 2005.

Dósent við tækni- og verkfræðideild HR.

Sérsvið: Taugavísindi (e. neuroscience).

**Kristinn Rúnar Þórisson, PhD**

PhD Media Laboratory, Massachusetts Institute of Technology, 1996.

Dósent við tölvunarfræðideild HR.

Sérsvið: Gervigreind, hermílkön, sýndarheimar/viðbótarheimar, vélmenni, nátt-úrúleg samskipti við vélar.

**Hallgrímur Arnalds**

Cand. scient. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands, 1981.

Lektor við tölvunarfræðideild HR.

Sérsvið: Forritun og stýrikerfi.

**Kamilla Rún Jóhannsdóttir, PhD**

PhD í þverfaglegum hugvísindum, Carleton University, Ottawa, Kanada, 2004.

Lektor við Háskólann á Akureyri.

Sérsvið: Rannsóknir á vinnsluminni og athygli í flóknu, hreyfanlegu umhverfi.

**Elín Díanna Gunnarsdóttir, PhD**

PhD í klínískri sálfræði, frá Rosalind Franklin University of Science and Medicine, 2001.

Dósent við Háskólann á Akureyri.

Sérsvið: Klínísk sálfræði.



# BSc Í SÁLFRÆÐI

## Breiður fæðilegur grundvöllur

BSc námið í sálfræði við HR er þriggja ára fjölbreytt og krefjandi grunnám sem tekur mið af sambærilegu námi erlendis. Lögð er áhersla á að fara yfir öll helstu svið sálfræðinnar, þar á meðal lífeðlislega sálfræði, hugræna sálfræði, þroskasálfræði, sálfræði einstaklingsmunar, félagssálfræði og rannsóknaraðferðir. Til viðbótar taka nemendur valnámskeið og geta þannig lagt áherslu á heilsusálfræði sem kennd er á vegum kennslufræði- og lýðheilsudeildar, vinnusálfræði sem kennd er í samstarfi við viðskiptadeild eða gervigreind (artificial intelligence) sem kennd er í samstarfi við tölvunarfræðideild. Þá er nemendum einnig gefinn kostur á að taka valnámskeið innan annarra deilda HR, svo sem í lagadeild og tækni- og verkfræðideild.

## Fjölbreyttar náms- og kennsluáðferði og alþjóðlegt samstarf

Í náminu er fjölbreyttum kennsluáðferðum beitt, þar á meðal verkefnavinnu, rannsóknarstofuvinnu, vefnámi, lausnaleytnámi, samvinnunámi og vettvangsnámi. Kennslan fer að nokkru leyti fram á ensku og öðlast nemendur þar af leiðandi færni í að vinna verkefni á ensku. Þar að auki eiga nemendur kost á að taka þátt í skiptinemaáætlun HR sem gerir þeim kleift að ljúka hluta af námi sínu erlendis.

## Áhersla á kennslu í smærri hópum

Í samræmi við markmið Háskólans í Reykjavík um að tryggja að allir nemendur njóti eins góðrar kennslu og mögulegt er verður lögð áhersla á kennslu í smærri hópum og einstaklingsmiðaða leiðsögn. Fjöldi í hverjum árgangi verður þannig takmarkaður við 45 nemendur. Kennarar sviðsins standa framarlega á alþjóðavettvangi á fagsviðum sínum og lögð er áhersla á að rannsóknir þeirra styrki kennsluna.

## Náms- og framvindureglur

Nemendur fylgja þeim reglum sem eru við lýði það ár sem þeir innritast. Ef nemandi er endurinnritaður þá gilda um hann þær reglur sem eru í gildi við endurinnritun.

### 1. Prófgráður og forkröfur

Sálfræðinám við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík veitir prófgráðuna BSc í sálfræði. Gráðan er veitt að loknu 180 ECTS námi við deildina með fullnægjandi árangri. Nemendur eru valdir í námið eftir frammistöðu í námi á framhalds- og háskólastigi. Þá verður tekið tillit til annarra þátta svo sem umsagna sem og greinargerðar frá nemanda sjálfum. Gert er ráð fyrir því að nemendur sem fá inngöngu í BSc-námið í sálfræði við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík hafi lokið stúdentsprófi.

## 2. Uppbygging náms

180 ECTS nám í sálfræði. Einingafjöldinn skiptist á eftirfarandi hátt:

- 132 ECTS skyldunámskeið í sálfræði.
- 30 ECTS val (fimm valnámskeið, hvert um sig 6 ECTS).
- 18 ECTS BSc-rannsóknarverkefni.

## 3. Kennsluhættir og vinnubrögð

Námstíminn er þrjú ár og fer námið fram í Háskólanum í Reykjavík. Námskeið byggjast á almennum fyrirlestrum, umræðutímum, vettvangsnámi og verkefnum eftir ákvörðun umsjónarkennara hverju sinni. Þá er stefnt að því að nemendur fari í vettvangsnám, t.d. í skóla, á heilbrigðisstofnanir og í fyrirtæki.

Í undantekningartilvikum getur deildarforseti ákveðið að tiltekið námskeið skuli ekki kennt eða fyrirkomulagi kennslu breytt. Þannig eru námskeiðslýsingar og stundaskrár birtar með fyrirvara um síðari breytingar. Námskeið eru í umsjón fastra kennara deildarinnar eftir ákvörðun deildarforseta. Deildarforseta er þó heimilt að fela stundakennara umsjón námskeiðs vegna tímabundinna anna fastra kennara.

Um vinnubrögð, nám og próftöku nemenda í BSc-námi í sálfræði gilda eftirfarandi reglur og viðurlög skólans; reglur HR um verkefnavinnu (<http://www.ru.is/?PageID=2939>), náms- og prófareglur HR (<http://www.ru.is/?PageID=2940>) og síða-reglur HR þar sem lögð er áherslu á síðferðileg vinnubrögð og viðurlög við ritstuldi (<http://www.ru.is/?PageID=2381>).

## 4. Námsframvinda

Einkunnir eru gefnar í tölum á kvarðanum 0 - 10. Lágmarkseinkunn í hverju námskeiði er 5. Nemandi er heimilt að fara yfir á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 48 ECTS á fyrsta námsári með meðaleinkunn 6,0 eða hærrí. Til að hefja nám á þriðja námsári þarf nemandi að hafa lokið öllum námsgreinum á fyrsta námsári og a.m.k. 36 ECTS á öðru námsári, með meðaleinkunn 6,0 eða hærrí. Nemandi skal hafa lokið BSc-prófi í síðasta lagi fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári nema námsmatsnefnd hafi veitt honum leyfi frá námi. Lengist þá framan-greindur tímafrestur sem leyfinu nemur.

## 5. Hlutanám í BSc í sálfræði

Búi nemandi við sérstakar aðstæður sem koma í veg fyrir að hann geti stundað fullt nám, er í undantekningartilvikum gefinn kostur á hlutanámi í BSc í sálfræði við HR. Sækja skal sérstaklega um slíkt námsfyrirkomulag til verkefnastjóra BSc námsins í sálfræði við kennslufræði- og lýðheilsudeild. Beiðninni skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir henni. Með beiðni um hlutanám ber jafnframt að skila námsáætlun svo unnt sé að meta hvernig námi umsækjanda verður háttað og hvort áætlun sé raunhæf. Meðal þeirra ástæðna sem réttlætt geta slíkt hlutanám, eru t.d. erfiðar aðstæður vegna fjárhags eða veikinda. Leyfi til

hlutanáms má veita með skilyrðum. Nemandi í hlutanámi skal hafa lokið BSc-prófi í síðasta lagi átta árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár nema námsmatsnefnd hafi veitt honum leyfi frá námi. Lengist þá framangreindur tímafrestur sem leyfinu nemur. Um námsframvindu milli námsára gilda sömu reglur fyrir nemendur í hlutanámi og nemendur í fullu námi (sjá kafla 4 hér að ofan).

## 6. Forkröfur fyrir námskeið

Forkröfur fyrir einstök námskeið koma fram í kennsluskrá sem má finna á heimasíðu skólans.

## 7. Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi í BSc-námi í sálfræði getur skráð sig í 36 ECTS á önn að hámarki. Heimilt er að sækja um undanþágu til verkefnastjóra BSc-náms, en slík undanþága er aðeins veitt hafi nemandi meðaleinkunn 7,5 eða hærri.

## 8. Reglur um próftöku

Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu fagi fjórum sinnum. Standist nemandi ekki námskeiðið í fjórðu próftilraun telst hann fallinn úr námi. Getur hann þá sótt um endurinnritun í námið. Umsókn um endurinnritun skal vera skrifleg og send til verkefnastjóra BSc-námsins í sálfræði. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri. Nánari reglur um próf og próftöku má sjá í náms- og prófareglum HR.

## 9. Endurinnritun

Uppfylli nemandi ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu samkvæmt reglum deildarinnar, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í námið. Umsókn um endurinnritun skal vera skrifleg og skal send til verkefnastjóra BSc-námsins í sálfræði. Sé nemanda veitt slík heimild heldur hann, sé þess óskað, einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri. Þessi réttur fyrnist á 6 árum frá lokum þeirrar annar sem námskeiðið var tekið á. Kennslufræði- og lýðheilsudeild áskilur sér þann rétt að synja nemendum um endurinnritun.

## 10. Námshlé

Nemandi getur sótt um að gera hlé á námi sínu. Umsóknina skal senda til forseta kennslufræði- og lýðheilsudeildar. Beiðninni skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir henni. Meðal þeirra ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnsburður eða veikindi. Með umsókn þarf t.d. að berast lækni- isvottorð ef sótt er um námshlé vegna veikinda. Leyfi til námshlés má veita með skilyrðum. Hámarkstími námshlés er eitt ár. Óski nemandi eftir lengra leyfi frá námi þarf hann að sækja um það sérstaklega. Beiðni um framlengingu námshlés skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir slíkri framlengingu.

## 11. Mat á fyrra námi á háskólastigi

Nemandi getur óskað eftir því að fá námseiningar úr óloknu BSc- eða BA-námi við aðrar deildir eða háskóla metnar sem hluta af námi í BSc í sálfræði við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík teljist viðkomandi námskeið samþærileg við skyldu- eða valnámskeið til viðkomandi gráðu. Starfsreynsla er ekki metin sem hluti af námi enda skal nemandinn í námi sínu leitast við að auka þekkingar- og reynslugrunn sinn. Að ósk nemanda getur matið farið fram áður en nám hefst, enda sé hann skráður í námið og leggi fram fullnægjandi gögn um inntak námsins. Erindi um slíkt mat á fyrra námi verða afgreidd af námsmatsnefnd deildarinnar og eru þau lögð fyrir deildarráð til kynningar og mats.

1. Nemandi sem óskar mats á fyrra námi á BSc- eða BA-stigi vegna námskeiðs eða námskeiða í kennslufræði- og lýðheilsudeild þarf að sækja um slíkt mat fyrir 1. ágúst vegna haustannar og 1. desember vegna vorannar. Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið. Umsóknina skal senda til verkefnastjóra BSc-námsins í sálfræði.
2. Sækja þarf um mat á fyrra háskólanámi á sérstökum umsóknareyðublöðum sem hægt er að fá á skrifstofu HR eða á Netinu.
3. Til að námskeið fái mat metið þarf það að inntaki og umfangi að vera samþærilegt við það námskeið sem óskað er að sleppt sé. Eingöngu nám á háskólastigi kemur til álita.
4. Það er almennt skilyrði þess að námskeið fái mat metið í kennslufræði- og lýðheilsudeild að ekki séu liðin meira en fimm ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á og umsækjandi hafi staðist þær lágmarkskröfur sem gerðar voru til einkunnar í því námi enda séu þær ekki minni en einkunnakröfur vegna endurinnritunar við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR.
5. Mat á fyrra námi getur að jafnaði ekki numið meira en 48 ECTS samtals. Í undantekningar-tilvikum getur þessi hámarkseiningafjöldi farið upp í 60 ECTS teljist námsárangur framúrskarandi góður.
6. Fyrra nám er ekki metið fyrr en formleg umsókn hefur verið samþykkt og staðfestingargjald greitt.
7. Ákvörðun um hvort fyrra nám skuli metið eru í höndum námsmatsnefndar.

## Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um mat á fyrra námi:

- Umsókn um mat á fyrra námi.
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla.
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla (þær þurfa að vera frá því ári sem námskeiðin voru tekin).
- Rökstuðningur nemanda um hvers vegna námskeið eru jafngild.
- Ef um nám erlendis er að ræða skulu upplýsingar um einkunnakvarða, kröfur og aðila sem hægt er að hafa samband við um námskeið og einkunnagjöf fylgja.

Við mat á því hvort námsárangur nemanda erlendis hafi verið fullnægjandi skal miðað við kröfur þess háskóla sem nám var stundað við. Námsárangur nemanda vegna slíks náms skal skráður í námsferilsskrá hans sem fullnægjandi/ófullnægjandi, en einkunnir ekki gefnar í tölum, og reiknast því ekki inn í meðaleinkunn nemanda.

Að öllu jöfnu getur nemandi ekki fengið nám metið til BSc í sálfræði sem hann hefur notað til annarrar prófgráðu áður.

Ekki er hægt að fá námskeið metið að hluta. Til að námskeið fái metið þarf að sýna fram á að það hafi verið sambærilegt a.m.k. að 2/3 við það námskeið sem það á að koma í staðinn fyrir. Ef óskað er eftir að fyrra nám verði metið sem valnámskeið þarf námsmatsnefnd að fjalla um málið á sama hátt og önnur valnámskeið.

Nánari reglur um störf námsmatsnefndar má sjá í reglum um meistaranám við kennslufræði- og lýðsheilsudeild Háskólans í Reykjavík.

## 12. Undanþágur

Undanþágur frá þessum reglum um námsframvindu eru aðeins veittar með samþykki forseta kennslufræði- og lýðheilsudeildar. Undanþágur eru ekki veittar nema gildar ástæður komi til, svo sem barnsburður, fötlun eða alvarleg veikindi námsmanns eða náns aðstandanda. Umsóknin skal send til verkefnastjóra BSc-náms í sálfræði. Umsókn um undanþágu skal vera skrifleg og studd viðeigandi gögnum, svo sem læknisvottorði.

## Skipulag náms

Námstími: 3 ár

Prófgráða: BSc í sálfræði

Um er að ræða 180 ECTS nám

Forkröfur: Stúdentspróf

Skipulag náms\* - áætluð námskeið

1. ár	
Haustönn	Vorönn
E-216-FESA Félagssálfræði (6 ECTS)	E-215-HSKY Hugræn sálfræði og skynjunarsálfræði (6 ECTS)
E-112-LIAT Líffræði og atferli (6 ECTS)	E-217-PROG Inngangur að forritun (6 ECTS)
E-113-NAMS Námsgálfærðir (6 ECTS)	E-116-SAEI Sálfræði einstaklingsmunar (6 ECTS)
E-114-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfræði I (6 ECTS)	E-214-DEPS Þroskasálfræði (6 ECTS)
E-115-VIHI Vinnulag í háskólanámi (6 ECTS)	Val (6 ECTS)

2. ár	
Haustönn	Vorönn
E-316-EISA Einstaklingurinn og samfélagið (6 ECTS)	E-412-CDYA Áhrifaþættir þroska (6 ECTS)
E-415-HUMT Hugsun, minni og tungumál (6 ECTS)	E-314-LISA Lífeðlisfræðileg sálfræði (6 ECTS)
E-413-KLIN Klínísk sálfræði (6 ECTS)	E-411-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfræði III (6 ECTS)
E-315-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfræði II (6 ECTS)	E-313-SATI Tilraunir í sálfræði (6 ECTS)
E-316-VETT Vettvangsnám (6 ECTS) / Valnámskeið	E-316-VETT Vettvangsnám (6 ECTS) / Valnámskeið

3. ár	
Haustönn	Vorönn
E-504-BSC1 BSc-rannsóknarverkefni I(6 ECTS)	E-604-BSC2 BSc-rannsóknarverkefni II (12 ECTS)
E-501-ARGR Hagnýt atferlisgreining (6 ECTS)	E-601-HUTA Hugræn taugavísindi (6 ECTS)
E-503-HEIL Heilsusálfræði (6 ECTS)	E-602-JASA Jákvæð sálfræði (6 ECTS)
E-502-STSO Stefnur og straumar í sálfræði í sögulegu ljósi (6ECTS)	E-316-VETT Vettvangsnám (6 ECTS) / Valnámskeið
E-316-VETT Vettvangsnám (6 ECTS) / Valnámskeið	

\* birt með fyrirvara um breytingar

## 1. ÁR – HAUSTÖNN

### E-216-FESA FÉLAGSSÁLFRÆÐI

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Heiðdís Valdimarsdóttir.

**Lýsing:** Námskeiðið er inngangur að félagssálfræði. Lögð verður áhersla á að fjalla um hvernig einstaklingar hafa áhrif á hegðun hvers annars, skoðanir, tilfinningar og viðhorf. Meðal efnis og spurninga sem fjallað verður um eru:

- Hvers vegna eru einstaklingar stundum hjálpfúsir en gera á öðrum stundum fólki mein?
- Hvers vegna taka einstaklingar stundum þátt í ákvörðunum þrátt fyrir að finnst þær stangast á við siðferðileg gildi?
- Undir hvaða kringumstæðum hegða einstaklingar sér á þann hátt sem stangast á við venjulega hegðun þeirra?

**Hæfniviðmið:** Að loknu námskeiðinu ættu nemendur að geta útskýrt hvernig hegðun verður fyrir áhrifum af félagslegum aðstæðum; þekkja þætti sem leiða til hjarðhegðunar í skoðunum, viðhorfum og hegðun; skilja hvernig hópákvarðanir geta verið varasamar; og skilja þær aðstæður sem geta leitt til þess að fólk sýnir hjálpssemi eða andstæða hegðun.

**Námsmat:** Nemendur skrifa stutta rannsóknarskýrslu og taka þátt í verkefnavinnu. Skriflegt próf er í lok annar.

**Lesefni:** Aronson, E., Wilson, T. D. og Akert, R. M. (2006). *Social Psychology* (6. útgáfa). New York: Prentice Hall.

Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vliek, M. (2009). *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. Berkshire: McGraw-Hill Education.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og enska.

### E-112 LIAT LÍFFRÆÐI OG ATFERLI

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Karl Ægir Karlsson.



**Lýsing:** Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í gerð og starfsemi þeirra meginlíf-fræðilegu ferla sem tengjast hegðun. Má þar nefna gerð og starfsemi taugafrumna og taugamóta svo og samskipti taugafrumna, gerð og starfsemi heila- og taugakerfis, gerð og starfsemi mismunandi svæða heilans og gerð og starfsemi út- og miðtaugakerfis. Einnig fá nemendur innsýn í líffræðilegar skýringar á skynjun og skyntúlkun, á áhugahvöt, á tilfinningum, á því að borða og drekka, svo og líffræðilegar skýringar á svefni, svefnleysi og dægursveiflum.

Þetta er inngangsnámskeið og því þurfa nemendur ekki að hafa undirstöðu í líffræði.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu ættu nemendur að geta lýst tengslum milli annars vegar heila- og taugakerfis og hins vegar mismunandi líkamsástands (t.d. svefnleysis, svefns) og vitsmunalegrar starfsemi.

**Námsmat:** Próf og skrifleg verkefni.

**Lesefni:** Carlson, Neil R. (2007). *Foundations of Physiological Psychology* (7. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn & Bacon.

Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vliek, M. (2009). *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. Berkshire: McGraw-Hill Education.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska.

## E-113-NAMS NÁMSSÁLFRÆÐI

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Jack James.

**Lýsing:** Fjallað er um grunnferla í því hvernig menn og dýr læra. Meðal umfjöllunarefnis er klassísk skilyrðing (Pavlovsk) – skilgreiningar, ferlar og beiting; virk skilyrðing – skilgreiningar, ferlar og beiting; aðgreinandi skilyrðing; áreittisstjórnun; styrkingarhættir; nám með athugun; þriggja þátta skilmálar; reglustjórnud hegðun; sjálfsstjórn; hugarstarf og skilyrðing; og samanburðaráhrif jákvæðrar og neikvæðrar stjórnunar. Þá er fjallað um hefðbundinn styrk atferlisgreiningar, svo sem mikil áhersla á tilraunaaðferðina, nákvæmar mælingar, nákvæm útfærsla aðferða og að niðurstöður rannsókna séu þungamiðja þekkingarsköpunar.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta lýst lykillþáttum náms; lýsa mismunandi tegundum skilyrðingar og námsferlum; skilja kenningar og hagnýtingu þeirra og námslögmála í hegðun fólks í venjulegu umhverfi og hafa skilning á heimspekilegri þýðingu atferlisgreiningar.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Olson, M. L. H. og Hergenhahn, B. R. (2009). *An introduction to theories of learning* (8. útgáfa). Upper Saddle River, NJ: Pearson.  
Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vliet, M. (2009). *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. Berkshire: McGraw-Hill Education.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Enska.

---

## **E-114-RATO RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG TÖLFRÆÐI I 6 ECTS**

---

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Þorlákur Karlsson.

**Lýsing:** Fjallað verður um hlutverk og mikilvægi rannsókna í sálfræði og farið yfir helstu þætti í rannsóknarferlinu. Einnig verður fjallað um uppbyggingu rannsókna og um helstu rannsóknaraðferðir í sálfræði með sérstakri áherslu á tilraunir. Í hverri aðferð fyrir sig er ýtarleg krufning á uppbyggingu og hefðum hennar og þeim tókum sem aðferðin er tekin. Þá er lögð áhersla á að nemendur þekki til mælinga og söfnun gagna, svo og tölfræðiúrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Nemendur læra á SPSS-hugbúnaðinn sem er mjög algengur við tölfræðiúrvinnslu niðurstaðna úr rannsóknum. Þá er lögð áhersla á gerð og vinnslu raunhæfs verkefnis.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur skilji hlutverk sálfræðirannsókna í sköpun þekkingar – bæði í akademíu og í hversdagslegu umhverfi, geti skipulagt og framkvæmt einfalda rannsókn, svo og unnið úr rannsókn með einfaldri tölfræði og SPSS. Þá eiga nemendur að geta sett fram niðurstöður á skýran og nákvæman hátt, ásamt því að kunna skil á styrkleikum og veikleikum helstu rannsóknaraðferða og viti hvenær hver og ein á við þegar þörf er á að gera rannsókn.

**Námsmat:** Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

**Lesefni:** Shaughnessy, J. J., Zechmeister, E. B. og Zechmeister, J. S. (2009). *Research methods in psychology* (8. útgáfa). New York: McGraw-Hill.  
Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vliet, M. (2009). *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. Berkshire: McGraw-Hill Education.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðu- og dæmatímar.

**Tungumál:** Íslenska.

---

**E-115-VIHI VINNULAG Í HÁSKÓLANÁMI****6 ECTS****Ár:** 1. ár.**Önn:** Haustönn.**Tegund námskeiðs:** Skylda.**Undanfarar:** Engir.**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.**Kennari:** Bryndís Björk Ásgeirsdóttir.**Lýsing:** Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grundvallarfærni í vinnubrögðum í háskólanámi. Áhersla verður lögð á:

1. Námstækni við lestur fræðiritra og vísindagreina.
2. Frágang og uppbyggingu verkefna, rannsóknarskýrsla og fræðilegra ritgerða.
3. Siðferðileg gildi vísindastarfs.
4. Þjálfun í öflun áreiðanlegra heimilda.

Pannig læra nemendur um grundvallaratriði í námstækni, uppbyggingu ritgerða og rannsóknarskýrsla, tilvísana í heimildir, framsetningu heimildaskrár og hvernig á að fjalla um og sýna tölulegar upplýsingar í töflum og myndum.

**Hæfniviðið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- Hafi öðlast góða námstækni við lestur fræðilegra bóka og vísindagreina.
- Hafi öðlast færni til að skrifa og byggja upp fræðilegar ritgerðir og rannsóknarskýrslur.
- Sýni færni í öflun áreiðanlegra heimilda, notkun tilvísana í heimildir og framsetningu heimildaskrár.

**Námsmat:** Verkefni.**Lesefni:** Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

American Psychological Association (2007). *Publication Manual of the American Psychological Association* (5. útgáfa). Washington, DC: American Psychological Association. *Ítarefni – til á bókasafni HR.*

Dunn, D. S. (2008). *A short guide to writing about psychology* (2. útgáfa). New York: Pearson. *Ítarefni – til á bókasafni HR.*

Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vlieg, M. (2009). *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. Berkshire: McGraw-Hill Education.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.**Tungumál:** Íslenska.

## 1. ÁR – VORÖNN

### E-215-HSKY HUGRÆN SÁLFRÆÐI OG SKYNJUNARSÁLFRÆÐI

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Kamilla Rún Jóhannsdóttir.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað um skynjunarferli, með áherslu á sjón- og heyrnarskynjun, kennsl hluta; sjónskynjun lita; fjarlægðar- og þrívíddarskynjun; hreyfiskynjun; tónhæðar- og hávaðaskynjun. Tekin verða til skoðunar ólík líkön um úrvinnslu þekkingar, fjallað um skipta og óskipta athygli, kennsl hluta og mynstra, minni og minnisferli (skammtíma- og langtímaminni, gleymska og rökvís hugsun).

**Hæfniviðmið:** Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að geta lýst meginhugtökum og kenningum um skynjun og hugræna starfsemi; skilið mikilvægar tilraunaaðferðir og tækni í skynfræði- og sáleðlisfræðirannsóknum; og útskýrt úrvinnslu þekkingar í tengslum við nám, minni og hugsun.

**Námsmat:** Próf og skrifleg verkefni.

**Lesefni:** Wolfe, J. M., Kluender, K. R., Levi, D. M. og Bartoshuk, L. M. (2008).

*Sensation and Perception* (2. útgáfa). Sinauer Associates, Sunderland, MA.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska.

### E-217-PROG INNGANGUR AÐ FORRITUN

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Hallgrímur Arnalds og Kristinn R. Þórisson.

**Lýsing:** Þetta námskeið er grunnnámskeið í forritun, ekki gert ráð fyrir að nemendur hafi fyrri reynslu eða þekkingu á forritun. Í námskeiðinu læra nemendur að skrifa einföld forrit og að nýta sér grundvallarforritunartækni þ.á m. hugbúnaðarþróun og villuleitaraðferðir. Í námskeiðinu er lögð áhersla á tölvunaraðferðarfræðilega nálgun og tengsl þess við greind kerfi. Farið verður yfir breytutegundir, aðgerðir, samhliða vinnslu, skilgreiningar á inntaki og úttaki, gagnaskipan (þ.m.t. fylki og klasar), og

forritshlutar (þ.m.t. lykkjur og ef-setningar). Nemendur læra meðal annars efnið með því að hanna og skapa einfalda gagnvirka leiki.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Tilgreint og skrifað forrit frá grunni með því að nota forritunarkerfi.
- Skilið grundvallaratriði forrita- og gagnaskipunar.
- Nýtt sér tölvunarfræðilega nálgun í greiningu og lausn vandamála.
- Setið framhaldsnámskeið í forritun.

**Námsmat:** Próf og skrifleg verkefni.

**Leseefni:** Tilkynt sýðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska.

## E-116-SAEI SÁLFRÆÐI EINSTAKLINGSMUNAR

6 ECTS

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Heiðdís Valdimarsdóttir.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað um sálfræði einstaklingsmunar í tengslum við hegðun mannsins, hugsun, ákvarðanir og heilsu. Farið verður yfir persónuleikakennningar og persónuleikamælingar. Meðal annars verður fjallað um eftirfarandi spurningar:

- Erfist persónuleiki?
- Er hægt að breyta persónuleika?
- Hefur persónuleiki áhrif á þær ákvarðanir sem fólk tekur í lífinu?
- Hvers konar rannsóknir eru framkvæmdar til að athuga persónuleika?

**Hæfniviðmið:** Að loknu námskeiði ættu nemendur að hafa grundvallarþekkingu á kenningum um persónuleika. Nemendur ættu að vera færir um að meta hvort hægt er að breyta persónuleika, og ef svo er, hvernig?; og hvort persónuleiki hefur áhrif á hegðun, hugsun, og ákvarðanir í lífinu.

**Námsmat:** Nemendur skrifa stutta rannsóknarskýrslu og taka þátt í verkefnavinnu. Skriflegt próf er í lok annar.

**Leseefni:** Carver, C. S. og Scheier, M. F. *Perspectives on Personality* (6. útgáfa).

Boston: Pearson Education Inc.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og enska.

**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Bryndís Björk Ásgeirsdóttir.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður farið yfir helstu viðfangsefni þroskasálfræðinnar frá því fyrir fæðingu barns, í gegnum barnæsku, unglings- og fullorðinsár. Áhersla verður lögð á að fjalla um og útskýra mikilvægar kenningar og rannsóknir á hreyfifroska, skynjun, hugsun og félags- og tilfinningaþroska mannsins í gegnum æviskeiðið. Þá verður meðal annars fjallað um mikilvægi tengsla, mótun kynjahlutverka og þroska síðferðisvitundar.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur: geti lýst grundvallaratriðum í sálfræðilegum þroska frá því fyrir fæðingu fram til fullorðinsára, geti lýst þroska skynjunar, minnis og hugsunar barna, geti lýst og útskýrt tilfinningalegan og félagslegan þroska barna frá fæðingu fram yfir unglingsár, geti borið kennsl á og skýrt þær sálfræðilegu breytingar sem eiga sér stað frá unglingsárum fram yfir fullorðinsár.

**Námsmat:** Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

**Lesefni:** Berk, L. (2009). *Development through the Lifespan* (5. útgáfa). Boston: Pearson Education Inc.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska.

### **Valnámskeið vorönn á 1. ári:**

Nemendur velja eitt námskeið á vorönn á 1. ári. Mælt er með að nemendur taki námskeiðið X-204-STOF Nýsköpun og stofnun fyrirtækja (í samstarfi við viðskipta-deild HR), en einnig standa námskeið í öðrum deildum HR til boða.

## 2. ÁR – HAUSTÖNN

### E-316-EISA EINSTAKLINGURINN OG SAMFÉLAGIÐ

6 ECTS

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-216-FESA Félagssálfræði.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Tilkynt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður byggt á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast á hugtökum og kenningum félagssálfræðinnar og þekking þeirra dýpkuð og hagnýtt. Þá verða meginkenningar í afbrotafræði og réttarsálfræði kynntar, með áherslu á orsakir afbrota og viðbrögð samfélagsins við þeim.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu ættu nemendur að hafa skilning á mismunandi kenningum sem notaðar eru til að skýra lykilhugtök í félagssálfræði og geta metið á gagnrýninn hátt styrkleika og veikleika rannsókna sem byggjast á þessum kenningum. Þá eiga nemendur að vera færir um að lýsa helstu kenningum um orsakir afbrota og viðbrögð samfélagsins við þeim.

**Námsmat:** Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

**Lesefni:** Tilkynt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

### E-415-HUMT HUGSUN, MINNI OG TUNGUMÁL

6 ECTS

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-215-HSKY Hugræn sálfræði og skynjunarsálfræði.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Kamilla Rún Jóhannsdóttir.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði verður fjallað um móttöku, varðveislu og endurheimt upplýsinga í minni. Þá verður fjallað ítarlega um greind, hugsun og tungumál. Meðal viðfangsefna verða þau hugarferli sem felast í rökhugsun mannsins, verkefnalausnum hans og dómgreind; hugrænni táknun í mannlegri hugsun; hugrænum reiknilíkönum; meðvitund; málproska, orðkennslum og merkingu og skilningi talaðs máls.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að vera færir um að lýsa helstu hugarferlum sem tengjast minni, hugsun og tungumáli.

**Námsmat:** Próf og skrifleg verkefni.

**Lesefni:** Tilkynt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Elín Díanna Gunnarsdóttir.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað um sögulegar og samtímakenningar og starfshætti í klínískri sálfræði. Fjölbreyttar mats- og inngripsaðferðir verða teknar til skoðunar ásamt nýjum áherslum og framtíðarsjónarmiðum í klínísku starfi. Einnig verður lýsandi geðsjúkdómafræði gerð skil og helstu klínískar greiningar og notkun handbókar um greiningu geðraskana (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders).

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að vera færir um að lýsa helstu kenningum og mats- og inngripsaðferðum í klínískri sálfræði. Þá ættu nemendur að hafa góðan skilning á notagildi sem og takmörkunum DSM-greiningarkerfisins.

**Námsmat:** Próf og skrifleg verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

**E-315-RATO RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG TÖLFRÆÐI II**

**6 ECTS**

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-114-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfræði I.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Leifur Geir Hafsteinsson.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði er fjallað um mælingar og mælingafræði, áreiðanleika og réttmæti, öflun gagna, og tilgátuprófun þar sem dreifigreiningu (ANOVA) og aðhvarfsgreiningu er beitt, sem og stikalaus prófum (t.d. Kí-kvaðrat, Mann-Whitney). Einnig er SPSS-notkun þjálfuð við vinnslu og greiningu gagna, fjallað um síðfræði rannsókna, unnið að undirbúningi rannsóknarskýrslna sem byggja á APA-staðlinum og fjallað um eiginlegar rannsóknaraðferðir.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að vera færir um að beita mörgum úrvinnsluaðferðum í sálfræðirannsóknum, hafa góðan skilning á síðfræði í þeim og vera fær um að skrifa rannsóknarskýrslu sem byggist á APA-staðlinum.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.



**E-316-VETT VETTVANGSNÁM****6 ECTS**

**Ár:** 2. ár/3. ár (nemendur velja eitt vettvangsnámskeið sem hluta af valnámskeiðum sínum).

**Önn:** Haustönn /Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skilyrt val.

**Undanfarar:** 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

**Skipulag:** Námskeiðið er haldin á vettvangi og vikulegir fundir.

**Kennari:** Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Jack James.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði fá nemendur tækifæri til að stunda nám á vettvangi á sviðum sem tengjast einu eða fleiri námskeiðum í BSc-náminu í sálfræði. Þetta vettvangsnám er frábrugðið hefðbundnu verknámi að því leyti að í stað þess að nemandi hljóti formlega þjálfun á ákveðnum fagsviðum, eins og t.d. fer fram í klínísku sálfræðinámi á meistarastigi, er vettvangsnámið hugsað sem kennsluáðferð sem felur í sér að nemendur taki þátt í námi úti í samfélaginu með það fyrir augum að öðlast aukna samfélagslega ábyrgð og kunnáttu, samtímis því sem samfélagið fær að njóta starfskrafta nemenda við ýmis þörf verkefni. Stefnt er að því að vettvangsnámið fari fram á fjölbreyttum sviðum svo sem meðal barna, ungmenna, eldri borgara, fólks með sérþarfir og ýmissa minnihlutahópa. Nemendur njóta leiðsagnar, bæði fagfólks á vettvangi sem og kennara námskeiðsins. Nemendur í þessu námskeiði hittast vikulega í umræðuhópum með það fyrir augum að fjalla um málefni og lesefni í samræmi við verkefna- og vettvangsval sitt.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu ættu nemendur að geta lýst því hvað þátttaka þeirra í námi á vettvangi hafi lagt af mörkum til samfélagsins; lýst því hvernig vettvangsnám þeirra tengist fræðilegum viðfangsefnum úr öðrum námskeiðum bóklega hluta námsins (sbr. að þjónusta við börn tengist kenningum í þroskasálfræði, vinna með fötludum getur tengst kenningum um fordóma og öldrun getur tengst kenningum um einsemd); og skýrt frá þeirra eigin skilningi á samfélagslegri ábyrgð.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni og kynningar.

**Lesefni:** Lesefni verður valið í samræmi við valsvið vettvangsnáms hvers nemanda.

**Kennsluáðferðir:** Námskeiðið er haldin á vettvangi, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og enska.

**Valnámskeið:**

**Nemendur** velja þrjú námskeið á 2. og 3. ári innan deilda HR. Sérstök áhersla verður á framboð námskeiða sem endurspegla eftirfarandi fagsvið; heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.

## 2. ÁR – VORÖNN

### E-412-CDYA ÁHRIFABÆTTIR ÞROSKA

6 ECTS

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-214-DEPS Þroskasálfræði.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um þroska einstaklinga. Byggt verður á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast á hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar og þekking þeirra dýpkuð og hagnýtt. Þá verður fjallað ítarlega um álag og streitu í lífi barna og ungmenna, svo sem vanrækslu, andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi, og áhrif þess á líðan og hegðun. Lögð verður áhersla á að bera kennsl á og skýra verndandi þætti í lífi einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður og hvernig bæta megi hag þeirra og velferð.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemandi:

- Geti lýst og skýrt, líkamlega, vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega þætti í þroska einstaklinga.
- Geti borið kennsl á, fjallað um og útskýrt áhættu- og verndandi þætti í lífi einstaklinga og hvernig skýra megi áhrif þeirra á líðan og hegðun.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

### E-314-LISA LÍFEDLISFRÆÐILEG SÁLFRÆÐI

6 ECTS

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-112-LIAT Líffræði og atferli.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu er farið í taugafræðilegan grunn hreyfingar (hreyfistjórnunar), meðvitundar, náms og minnis, lyfja og hegðunar, svo og hegðunarröskunar (s.s. geðklofa/geðrofs). Í námskeiðinu verða nýjustu rannsóknum og kenningum á sviði taugalíffærafræði og lífeðlisfræði, og einnig innkirtlafræði gerð skil. Sömuleiðis verða þróunarkenningar kynntar og skoðaðar.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu ættu nemendur að geta lýst hvernig það berast áfram í taugakerfinu, þar með talið hvernig viðtaki skynjar áreiti sem það, hvernig

skynhrifum er miðlað gegnum heilastúku og þaðan til heilabarkar þar sem þau eru meðhöndluð og verða meðvituð, hvernig boð berast áfram til hreyfitaugahópa og þaðan til svara sem geta af sér tiltekna hegðun.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Leseefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-411-RATO RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG TÖLFRÆÐI III 6 ECTS**

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-315-RATO Rannsóknir og tölfraedi II og E-313-SATI Tilraunir í sálfræði.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verða flóknari úrvinnsluaðferðir í sálfræðirannsóknnum kenndar og æfðar, þar á meðal innan og á milli þátttakenda, greining og blandaðar aðferðir fjölþátta rannsóknarsniða í flóknum dreifigreiningum (ANOVA, ANCOVA, and MANOVA) og í fjölþátta aðhvarfsgreiningu. Einnig verða hugtök í afkastagreiningu/næmnigreiningu kennd og útreikningur hennar, svo og flókin úrvinnsla í SPSS.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að vera færir um að velja rétta tölfraedi við hvert rannsóknarlegt úrlausnarefni þar sem gögnum hefur verið aflað með mörgum mismunandi rannsóknaraðferðum og verða einnig færir um að greina flókin gögn í SPSS.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Leseefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-313-SATI TILRAUNIR Í SÁLFRÆÐI 6 ECTS**

**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-114-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfraedi I.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði fá nemendur beina þjálfun í kerfisbundinni öflun gagna og tilraunainngripum, þar á meðal beitingu sálsmælinga, í vinnureglum við skipulega gagnaöflun, á tæki á tilraunastofu, á tölvur til söfnunar, geymslu og greiningu

gagna, siðfræði í rannsóknum, í greiningu á rannsóknarniðurstöðum og skýrslu-skrifum. Nemendur gera tilraunir, afla gagna og vinna úr þeim ásamt því að skrifa skýrslu.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að vera færir um að framkvæma og greina frá niðurstöðum rannsóknar í sálfræði samkvæmt hefðbundnum og viðurkenndum rannsóknaraðferðum og siðareglum.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-316-VETT VETTVANGSNÁM**

**6 ECTS**

Sjá bls. 25

---

### **Valnámskeið:**

**Nemendur** velja þrjú námskeið á 2. og 3. ári innan deilda HR. Sérstök áhersla verður á framboð námskeiða sem endurspeгла eftirfarandi fagsvið; heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.

### 3. ÁR – HAUSTÖNN

#### **E-504-BSC1 BSc-RANNSÓKNARVERKEFNI I**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** 2. ár í BSc-námi í sálfræði.

**Skipulag:** Leiðsögn kennara deildarinnar.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Nemendur velja sér og vinna rannsóknarverkefni undir leiðsögn kennara. Verkefnið felur meðal annars í sér fræðilegt yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu, framsetningu prófanlegra rannsóknarspurninga eða tilgátna, val á rannsóknarsniði, aðferð og framkvæmd við öflun gagna, notkun á viðeigandi tölfræðilegri greiningu, túlkun niðurstaðna og skrif rannsóknarskýrslu.

**Hæfniviðið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta framkvæmt alla þætti sem koma við sögu rannsókna, allt frá fyrstu hugmynd að rannsókn til skrifa á rannsóknarskýrslu.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni sem tengjast rannsóknarverkefni, munnleg kynning og rannsóknarskýrsla.

**Lesefni:** Hver nemandi les fræðilegar vísindagreinar og bækur sem tengjast þeirra eigin rannsókn.

**Kennsluáðferðir:** Samvinna leiðbeinanda og nemenda, umræður, munnleg kynning og skrif rannsóknarskýrslu.

**Tungumál:** Íslenska og/eða ensk

#### **E-501-ARGR HAGNÝT ATFERLISGREINING**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-113-NAMS Námssálfræði.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað um kerfisbundna beitingu atferlisgreiningar á hegðun á fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins. Þar á meðal í almennri kennslu og uppeldisfræði, sérkennslu, stjórnun, þjálfun foreldra, öryggi á vinnustöðum, íþróttasálfræði og klínískri sálfræði svo nokkur dæmi séu tekin. Einnig verður söguleg þróun atferlisgreiningar rædd, en þar á meðal er kenningarleg undirstaða, lögmál um innleiðingu jákvæðra breytinga, einliðasnið í tilraunum og siðfræði í því að breyta atferli.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að sýna fram á þekkingu á kenningarlegum grunni hagnýtrar atferlisgreiningar og eiga að geta lýst notkun hennar á fjölbreytta hegðun fólks í mismunandi aðstæðum. Nemendur eiga einnig að skilja vel rannsóknarsnið sem algeng eru í atferlisgreiningu og ekki síður hvaða þættir eru helstir í siðfræði þess að breyta hegðun.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-503-HEIL HEILSUSÁLFRÆÐI**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Tilkynnt síðar.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður lögð áhersla á hvernig sálfræðilegar kenningar geta útskýrt heilsu og vanheilsu. Farið verður yfir grundvallarkenningar með sérstakri áherslu á hið sálífræðilega líkan sem snýst um samspil félagslegra, tilfinningalegra, atferlislegra og líffræðilegra þátta og áhrif þess samspils á sjúkdóma, þróun þeirra og batahorfur. Einnig verður stuttlega farið yfir mismunandi einstaklingsmiðaða og hópmiðaða íhlutun sem beitt hefur verið til að hjálpa einstaklingum að taka upp og viðhalda heilsusamlegum lífsstíl, takast á við króníska sjúkdóma og taka ákvarðanir við lífslok.

**Hæfniviðmið:** Að loknu námskeiðinu ættu nemendur að hafa grundvallarskilning á samspili sálfélagslegra og líffræðilegra þátta er tengjast heilsu og vellíðan. Nemendur ættu líka að hafa grundvallarskilning á þeim kenningum sem búa að baki mismunandi tegunda íhlutunar sem hefur verið beitt til að bæta heilsuhegðun, lífsgæði og sjúkdómsaðlögun.

**Námsmat:** Nemendur skrifa stutta rannsóknarskýrslu og taka þátt í verkefnavinnu. Skriflegt próf er í lok annar.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-502-STSO STEFNUR OG STRAUMAR Í SÁLFRÆÐI Í SÖGULEGU LJÓSI**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** 2. ár í BSc-námi í sálfræði.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu eru tekin til skoðunar söguleg tímabil og áhrifamiklar kenningar sem mótað hafa sálfræði samtímans og aðferðafræði. Einnig verður farið yfir ýmsa þætti er snerta fagsvið sálfræðinga, svo sem siðferði og siðferðileg álitamál í rannsóknnum og fagstörfum sálfræðinga.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að sýna fram á getu til að lýsa mikilvægum sögulegum atburðum, straumum og stefnum í sálfræði. Þá eiga nemendur að geta sýnt góðan skilning á mikilvægum þáttum í samtímasögu sálfræðinnar.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

---

## **E-316-VETT VETTVANGSNÁM**

**6 ECTS**

Sjá bls. 25

---

### **Valnámskeið:**

**Nemendur** velja þrjú námskeið á 2. og 3. ári innan deilda HR. Sérstök áhersla verður á framboð námskeiða sem endurspeglar eftirfarandi fagsvið; heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.

### 3. ÁR – VORÖNN

#### **E-604-BSC2 BSc-RANNSÓKNARVERKEFNI II**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Vorönn

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** 2. ár í BSc-námi í sálfræði.

**Skipulag:** Leiðsögn kennara deildarinnar.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Nemendur velja sér og vinna rannsóknarverkefni undir leiðsögn kennara. Verkefnið felur meðal annars í sér fræðilegt yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu, framsetningu prófanlegra rannsóknarspurninga eða tilgátna, val á rannsóknarsniði, aðferð og framkvæmd við öflun gagna, notkun á viðeigandi tölfræðilegri greiningu, túlkun niðurstaðna og skrif rannsóknarskýrslu.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta framkvæmt alla þætti sem koma við sögu rannsókna, allt frá fyrstu hugmynd að rannsókn til skrifta á rannsóknarskýrslu.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni sem tengjast rannsóknarverkefni, munnleg kynning og rannsóknarskýrsla.

**Lesefni:** Hver nemandi les fræðilegar vísindagreinar og bækur sem tengjast þeirra eigin rannsókn.

**Kennsluáðferðir:** Samvinna leiðbeinanda og nemenda, umræður, munnleg kynning og skrif rannsóknarskýrslu.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

#### **E-601-HUTA HUGRÆN TAUGAVÍSINDI**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-415-HUMT Hugsun, minni og tungumál.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður farið í líffræðilegar skýringar sem liggja að baki hugrænni (vitsmunalegri) starfsemi, með sérstakri áherslu á taugahvarfefni í hugrænum ferlum og hvernig þau tengjast hegðun; aðferðir hugrænna taugavísinda, þar með talið notkun heilalínurita (EEG) og hagnýtri taugaskönnun. Einnig verður sjónum beint að samspili hugarstarfsemi og hegðunar út frá niðurstöðum sam-anburðarrannsókna á sködduðum og heilbrigðum mannsheilum. Í námskeiðinu verður einnig skoðað ferlið sem liggur að baki tungumáli, rýnt verður í sérhæfingu heilahvelanna svo og ástæður lesblindu, hreyfi- og tilfinningaröskunar.



**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loku ættu nemendur að geta lýst þeim meginlíffræðilegu skýringum sem liggja að baki ýmsum mannlegum athöfnum og mannlegri hegðun, bæði hvað varðar eðlilegar athafnir og hegðun en einnig þeirra sem teljast til raskana.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

## **E-602-JASA JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI**

**6 ECTS**

**Ár:** 3. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Tilkynnt síðar.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður gefin greinargóð yfirsýn yfir vaxandi svið svokallaðrar jákvæðrar sálfræði, sem fæst við að rannsaka hvað það er í fari einstaklinga og umhverfis þeirra sem gerir þeim kleift að hámarka vellíðan sína, hæfileika og hamingju. Fjallað verður um mikilvægar kenningar og rannsóknir innan jákvæðrar sálfræði. Meðal annars verður fjallað hugtök eins og seiglu, bjargráð, styrkleika, vellíðan, jákvæðni og hamingju.

**Hæfniviðmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur: geti lýst, fjallað um og tekið til gagnrýnnar skoðunar helstu kenningar og hugmyndir jákvæðrar sálfræði, geti fjallað um á hvaða hátt jákvæð sálfræði hefur gefið ólíkt sjónarhorn á það hvernig einstaklingar geta komist yfir álag og áföll í lífinu, geti lýst, fjallað um og tekið til gagnrýnnar skoðunar rannsóknir á því hvernig einstaklingar geta hámarkað vellíðan sína, hæfileika og hamingju, geti borið kennsl á og fjallað um leiðir til að skipuleggja og innleiða jákvæð ihlutunarverkefni sem byggja á kenningum og rannsóknnum jákvæðrar sálfræði.

**Námsmat:** Próf og verkefni.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og/eða enska.

## **E-316-VETT VETTVANGSNÁM**

**6 ECTS**

Sjá bls. 25

### **Valnámskeið:**

**Nemendur** velja þrjú námskeið á 2. og 3. ári innan deilda HR. Sérstök áhersla verður á framboð námskeiða sem endurspeгла eftirfarandi fagsvið; heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.





